

Skorradalshreppur
Ólöf Guðný Valdimarsdóttir,
skipulagsfulltrúi
Hvanneyrargötu 3
311 Borgarnes

Umhverfisstofnun	
Áb. _____	
09 FEB. 2010	
<i>10.4.1</i>	
Tilv. _____	



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 5. febrúar 2010
Tilvísun: UST20100100637/6aj

Óveruleg breyting á „Svæðisskipulagi sveitarfélaga norðan Skarðsheiðar 1997-2017“ í landi Mófellsstaða og Vatnsenda, Skorradal


Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Skorradalshrepps dags. 19. janúar sl. þar sem óskað er eftir umsögn Umhverfisstofnunar um framangreinda breytingu á svæðisskipulagi sveitarfélaga norðan Skarðsheiðar 1997-2017. Um er að ræða efnistöku í Kaldá í landi Mófellsstaða og Vatnsenda og er áætluð efnistaka 23.000 m³ og 2,3 ha að stærð.

Umhverfisstofnun bendir á að fyrirhugað efnistökusvæði er hvorki friðlýst né á náttúruminjasrá. Ekki er um að ræða efnistöku úr jarðmyndunum eða vistkerfum sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd. Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemd við umrædda efnistöku. Umhverfisstofnun telur þó að ef tilflutningur efnis í árfarvegum er eðlilegur er „hreinsun árfarvegjar“ ekki nauðsynleg framkvæmd. Umhverfisstofnun bendir því á hér er um að ræða aðra eða óljósari hugtakanotkun en venja er að nota um framkvæmdir af þessu tagi.

Umhverfisstofnun bendir á að leita þurfi leyfis Lax- og silungsveiðisviðs Fiskistofu vegna fyrirhugaðrar efnistöku.

Virðingarfyllst


Björn Stefánsson


Ólafur A. Jónsson
Deildarstjóri

Afrit: Skipulagsstofnun